



Parabóla

Finnbogi
Pétursson

30.10.2024
—19.01.2025






2



3



4

5

Parabóla
Finnbogi Pétursson

Gerðarsafn
Kópavogur Art Museum
30.10.2024—19.01.2025

Allt í kringum okkur eru eðlisfræðilegir kraftar að verki. Finnbogi Pétursson hefur gert það að ævistarfi sínu að skapa aðstæður þar sem áhorfandinn tekur eftir, skynjar, þessa krafta. Oft í gegnum bylgjur, sem heyrast stundum en í öðrum verkum sjást. Í *Parabólu* gerir hann takt Jarðar sýnilegan. Listamaðurinn notar hljóð en það ómar ekki heldur skapar hreyfingu. Hljóðið gárar vatnið eins og ósýnilegur dropi sem fellur og kemur af stað bylgjum sem ferðast eftir vatnsfletinum. Með hætti sem einskorðast við þessa plánetu.

„Það er ekki hægt að breyta bylgjunum mikið, í ljósi aðdráttaraflsins og áhrifa himintunglanna sem eru að verki hér á Jörðinni,“ segir Finnbogi.

Gárurnar eru í takti. Síkusbylgjur púlsa yfir afmarkaðan flöt vatnsins sem er rammað inn í ílangar laugar. Ljósið varpar hreyfingu vatnsins upp svo við sjáum hana í efni sem við leiðum hugann sjaldan að, loftinu sem umlykur okkur. Þegar ljósið hittir bylgjuna í hámarki sínu sjáum við hana sem skæra ljósrák en í lágmarki hennar myndast skuggi. Þegar bylgjurnar endurkastast af grensunum sem lista–maðurinn hefur sett þeim umbreytast þær í negatíft form sitt. Negatífan og púsítífan dansa saman og mynda ný mynstur. Tíðni bylgjanna er sjónræn, við sjáum þær mætast, ekki brotna heldur mynda ný mynstur eða jafnvel lygnu.

Þetta er ekki hvaða púls sem er, heldur er þetta sveiflan sem efni leitast við að vera í. Listamaðurinn notar vatn, loft, ljós og hljóð sem efni til að forma. Notar þekkingu mannsins á eðlisfræðilögmálum Jarðarinnar til að stýra efnum sem erfitt er að eiga við. Við þekkjum þennan takt, hann býr innra með okkur. Þegar við orkum á heiminn gerum við það iðulega í takt við þessar sveiflur hans. Hvort sem við ýtum barni í rólu, stillum flugvélahreyfla, hrærum í baðvatni eða sveiflum hverju sem er.

„Við reynum að lifa þannig að við séum í réttri sveiflu, að hún sé okkar. Ég fylgdist með dótturdóttur minni þegar hún var að læra að róla og hvernig hún fann nákvæmlega hvenær hún átti að setja niður tána til að viðhalda hreyfingunni. Þetta er okkur svo eðlilegt. Viðhald

6

Hallgerður Hallgrímsdóttir

All around us, physical forces are at work. Finnbogi Pétursson has made it his life’s work to create situations where the viewer notices, senses, these forces. Often through waves, which sometimes can be heard, in other works seen. In *Parabola*, he makes visible the rhythm of Earth. The artist uses sound, but instead of resounding it creates movement. The sound ripples the water like an invisible drop falling, creating waves that travel across the surface of the water. In a way that is particular to this planet.

“The waves cannot be significantly altered, in light of gravity and the effects of other planets here on Earth,” says Finnbogi.

The ripples travel to a beat. Sine waves pulsate across a specific part of the water which is framed in oblong pools. The light projects the motion of the water upwards, we see it in a material that we rarely think about, the air that surrounds us. When the light hits the wave at its crest, it appears as a bright ray of light, but

at its trough, a shadow is created. When the waves ricochet off the borders set by the artist, they transform into their negative form. The negative and positive waves intermingle, creating new patterns. The waves’ frequency is visual, we see them meet, they do not break but create new patterns, even stillness.

This isn’t just any pulse; this is the preferred oscillation of the material. The artist uses water, air, light and sound as shapeable matter. He uses man’s knowledge of Earth’s physical laws to control difficult material. We know this beat; it lives within us. When we affect the world, we often do so according to this rhythm. Whether we push a child on a swing, adjust airscrews, stir bathwater or dangle just about anything.

“We try to live on the right wavelength, in our own rhythm. I watched my granddaughter learn how to swing, how she knew exactly when to put down her foot to maintain the motion. This comes so naturally to us. Maintaining movement

á hreyfingu er það sem við leitum að til að sem minnst orka fari í að viðhalda flæðinu.“

Í rúmfræði er parabóla eitt af þremur sniðum keilu. Keilan er hér ljóskeila, príhyrningur og uppruni tvíhverfar bylgju, eins og þeirra sem við sjáum munstra loftið. Í forvitni um grunnlögmál eðlisfræðinnar nýtir listamaðurinn þekkingu mannsins á náttúrufyrirbærum Jarðar til að skapa upplifun á þeim. Með því að kryfja formið býr hann til sneiðmynd af ferlum sem við þekkjum — kannski án þess að átta okkur á því. En hér er samt ekki ætlast til neins af okkur nema að skynja. Gefa okkur tíma, sem skiptir öllu máli, í öllu.

„Ég er bara að eltast við grunnform frá mismunandi hliðum.“
Verk Finnboga eru falleg. Þau virðast næstum einföld. Þar liggur galdurinn, í útreiknaðri einangrun lögmálanna og formun viðsjárverðra efna. Framsetningin er hrein og bein, búið að fjarlægja allt sem ekki þjónar hugmyndinni, búa til ofurstýrt umhverfi, einskonar leiksvæði fyrir eðlisfræðileg fyrirbæri. Kerfi sem umkringja okkur eru eimuð niður í einn sýningarsal. Við erum umlukin náttúrufyrirbærum í sýningunni en finnst við á sama tíma svo fjarri náttúrunni, rétt eins og hlutar úr eðli hennar hafi verið sóttir og sett á stall. Svo við getum tilbeðið þá í næði.

7

Parabóla

is what we seek, to spend as little energy as possible in maintaining the flow.”

In geometry, parabola is one of the three conic sections. The cone in question is a light cone, a triangle and the origin of equilateral waves, such as those we see in the patterns in the air. In his curiosity about the basic principles of physics, the artist uses man’s knowledge of Earth’s natural phenomena to present an experience of them. By dissecting the form, he creates a cross section of trajectories that we know — maybe without realising it. Here, though, we are only meant to perceive. Take the time, which is of vital importance, in everything.

“I am only chasing basic forms from different directions.”

Finnbogi’s works are beautiful. They almost appear simple. Therein lies the magic, in a calculated isolation of the principles and the shaping of unreliable materials. The presentation is straightforward, stripped of everything that doesn’t serve the idea, a super–controlled

environment created, a kind of playground for physical phenomena. The systems that surround us are boiled down into one exhibition hall. In the exhibition, we are surrounded by natural phenomena, but simultaneously we feel distant from nature, as if parts of it have been extracted and put on a pedestal, for us to worship in peace.

Finnbogi Pétursson (f. 1959) lærði á Íslandi og í Hollandi og sýndi fyrst árið 1980 í Gallerí Suðurgötu 7, listamanna- reknu gallerí sem á þeim árum var miðstöð framúrstefnulistarinnar á Íslandi. Hann stundaði framhaldsnám við Jan van Eyck Akademie í Maastricht í Hollandi og hélt sína fyrstu einka- sýningu í Time Based Arts í Amsterdam árið 1985. Hann var fulltrúi Íslands á tvíæringnum í Feneyjum árið 2001 og breytti þá sýningarskálanum í risastóra orgelpípu þar sem gestir gátu upplifað hinn ómríða þritón sem miðaldamenn kölluðu *Diabolus in musica* (tónskratta) en varð á Íslandi undirstaðan að kvintsöngnum. Finnbogi var handhafi Gerðarverðlaunanna árið 2022.

Finnbogi býr yfir einstakri sýn á heiminn og eðli hans. Verk hans vekja áhorfandann til meðvitundar og fá hann til að velta fyrir sér eigin skynjun, veru sinni í rýminu, náttúrunni og alheiminum. Sum verka hans eru svo stór að þau má næstum skoða sem arkitektúr meðan önnur eru smá og nánast efnislaus. Öll miða þau að því að víkka út upplifun okkar af heiminum og gera okkur með- vituð um krafta hans.

Finnbogi Pétursson (b. 1959) studied in Iceland and the Netherlands and first exhibited in 1980 at Gallery Suðurgata 7, an artist-run gallery in Iceland that focused on avant-garde art. He pursued further studies at the Jan van Eyck Academy in Maastricht, Netherlands, and held his first solo exhibition at Time Based Arts in Amsterdam in 1985. He represented Iceland at the Venice Biennale in 2001, transforming the exhibition space into a giant organ pipe where visitors could experience the controversial tritone that medieval people called *Diabolus in musica* (the devil in music), which became the foundation for the kvintsöngur in Iceland, where people sing in parallel fifths. Finnbogi was the recipient of the Gerður Art Prize in 2022.

Finnbogi possesses a unique vision of the world and its nature. His works awaken the viewer's awareness and prompt them to reflect on their own perception, their existence in nature, and the universe. Some of his works are so large that they can almost be viewed as architecture, while others are small and nearly immaterial. All aim to expand our experience of the world and make us aware of its forces.

Finnbogi Pétursson
Parabóla
30.10.2024–19.01.2025

Sýningarstjórn
Curation
Brynja Sveinsdóttir
Hallgerður Hallgrímsdóttir

Myndir
Images
Finnbogi Pétursson

Texti
Text
Hallgerður Hallgrímsdóttir

Þýðing og yfirllestur
Translation and proofreading
Ingunn Snædal

Hönnun
Design
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)

Prentun
Printing
Svansprent

© Gerðarsafn — Listasafn Kópavogs,
höfundar texta og myndefnis/
ljósmynda, 2024
Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum,
authors, artists/photographers, 2024




BERG Contemporary, Reykjavík
Persons Projects, Berlin


Sýningin er styrkt af
The exhibition is supported by

Myndlistarsjóður
Icelandic Council
for the Arts

Iceland
Liechtenstein
Norway grants







Gerðarsafn Kópavogur Art Museum